

# Lög

## um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (neyðarástand í sveitarfélagi).

---

### 1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, að sveitarstjórn sé heimilt að víkja tímabundið frá tilteknum skilyrðum ákvæða III., V., VII. og X. kafla laganna, stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra og samþykktum sveitarfélags við stjórn sveitarfélags til að tryggja að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku.

Ráðuneytið skal birta ákvörðun skv. 1. mgr. í Stjórnartíðindum og getur hún aðeins gilt í fjóra mánuði í senn.

Ákvæði þetta gildir til 31. desember 2020. Ákvarðanir skv. 1. mgr. sem teknar eru fyrir 31. desember 2020 skulu þó halda gildi sínu í allt að fjóra mánuði, sbr. 2. mgr.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 17. mars 2020.*